

Námsþættir



Námsefninu er skipt upp í sex námsþætti og hver námsþáttur inniheldur fjórar kennslustundir

Námsþáttur 1 - Tilfinningar

Markmið – Að gera börnin færari um að þekkja neikvæðar tilfinningar og finna góðar leiðir til þess að takast á við slíkar tilfinningar.

Börnin Ræða um ýmsar tilfinningar sem fólk ber í brjósti- til dæmis að vera dapur, glaður, reiður, afbrýðisamur og taugaóstyrkur eða kvíðinn. Börnin eru þjálfuð í að greina frá því hvernig þeim líður við ýmsar aðstæður og þau leita leiða sem geta stuðlað að bættri líðan.

Námsþáttur 2 – Tjáning og boðskipti

Markmið – að börnin öðlist leikni í að tjá tilfinningar sínar og að þau verði færari um að greina á milli þeirra tjáningarleiða sem duga vel og hinna sem duga illa.



Börnin læra að tjá sig þannig að aðrir skilji þau vel. Þau læra líka að hlusta á aðra, læra hvernig þau geta leitað eftir aðstoð, hvernig þau geta sagt það sem þau langar til að segja jafnvel þótt aðstæður séu óheppilegar. Börn, sem tjá sig lítið „opna sig“ gjarnan í þessum tímum og læra að tjá sig á frjálslægri hátt en áður.



Námsþáttur 3 – Að mynda vináttutengsl og slíta þeim

Markmið – Að stuðla að aukinni hæfni barna til að mynda vináttutengsl og að ráða við höfnun og einmanaleik.

Í þessum þætti læra börnin meira um vináttu – hvernig þau eignast vini og halda vináttunni og hvernig þau geta þurft að takast á við einmanaleika og höfnun. Þau æfa sig í að biðjast fyrirgefningar og læra að sættast eftir rifrildi eða deilur.

Námsþáttur 4 – Að leysa ágreiningsmál

Markmið – að bæta hæfni barna við að leysa ágreiningsmál.

Í þessum þætti er börnunum kennt hvernig megi sætta ólík sjónarmið. Kennarar hafa látið þess getið að börnin læri fljótt að leiða misklíðarefni sín til lykta. Sérstaklega er tekið á hrekkjum og einelti og hvaða börn geta gert ef þau eða aðrir verða fyrir einelti.





Námspáttur 5 – Að takast á við breytingar og missi

Markmið – Að auka skilning barnanna á því að í daglegu lífi getum við búist við breytingum og orðið fyrir því að missa eitthvað eða einhvern sem er okkur kær.

Hér eru breytingar – stórar sem smáar á dagskrá. Mesta of erfiðasta breytingin er þegar einhver nákominn deyr. Þótt fullorðnum þyki oft erfitt að tjá sig og tala um dauðann finnst ungum börnum það yfirleitt ekki. Þau

fagna tækifærinu sem þarna gefst til að ræða á opinskáan hátt um efni sem vefst fyrir mörgum fullorðnum að tala um. Farið er í vettvangsferð í kirkjugarð og oft er einmitt þessi ferð einna best heppnaði þátturinn í kennslu námsefnisins í heild.

Námspáttur 6 – Við spjörum okkur

Markmið – Að efla færni barnanna til þess að nota margvíslegar leiðir til þess að ráða fram úr ýmsum vandamálum sem þau standa frammi fyrir.

Þessi síðasti þáttur snýst um að sýna að börnin hafi lært að finna mismunandi leiðir við að leysa sín mál á farsælan hátt, lært að hjálpa öðrum og lært að aðlagast nýjum aðstæðum og lært hvernig unnt er að takast á við þær á farsælan hátt og hjálpa öðrum að aðlagast breyttum aðstæðum. Í síðasta tímanum er börnunum veitt viðurkenning fyrir þátttöku og góða frammistöðu.



- Smellið hér til að skoða kynningarbækling með námsefninu.
- Smellið hér til að panta kynningarbækling með námsefninu.

